

sonar, Þingholtsbraut 21, Kópavogi, kr. 5.000,00 ásamt almennum vöxtum frá 11. apríl 1988 til greiðsludags. Ákærði Sighvatur greiði versluninni Candis, Eddufelli 6, kr. 5.600,00 ásamt almennum vöxtum frá 26. janúar 1988 til greiðsludags.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað.

---

Þriðjudaginn 7. mars 1989.

Nr. 39/1988.

**Hörður Harðarson**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

**Íslensk-tékkneska verslunarfélaginu**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Lausafjárkaup. Ábyrgðarskirteini. Galli. Lögskýring.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi, sem skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1988, krefst þess að stefnda verði dæmt til að greiða honum 25.872,00 krónur. Af þessari fjárhæð krefst hann ársvaxta sem hér segir: 24% frá 1. janúar 1985 til 1. maí s.á., 22% frá þeim degi til 1. júní s.á., síðan 42% til 1. september s.á., síðan 45% til 1. mars 1986, síðan 33% til 1. apríl s.á., síðan 27% til 7. október 1986 og dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar. Til vara krefst áfrýjandi 12.936,00 króna með vöxtum eins og í aðalkröfu svo og málskostnaðar.

Hið stefnda hlutafélag krefst sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Skilmálar ábyrgðaryfirlýsingar þeirrar, sem deilt er um í málinu, eru svohljóðandi:

„Með skírteini þessu er vélarkaupanda veitt ábyrgð, sem tekur til verksmiðju- og/eða efnisgalla í tækinu, skv. eftirfarandi skilgreiningu:

Ábyrgðin miðast við allt að 12 mánuði frá afhendingardegi, en fellur úr gildi eftir að 1200 vinnustundum er náð. — Ábyrgðin tekur þá og því aðeins gildi að kaupandi, — eða móttakandi fyrir hans hönd, — staðfesti þessa skilmála með undirskrift sinni á meðfylgjandi móttökkukvittun og endursendi hana seljanda tafarlaust.

*Vélarhlutir* sem reynast gallaðir og ábyrgðin nær til, bætast með nýjum hlutum eða viðgerð eftir ákvörðun seljanda. Bótageiðsla af hálfu seljanda er innt af hendi eftir á, þegar gallaðir vélahlutir hafa verið móttæknir frá vélareiganda.

Vinna við ísetningu varahluta eða viðgerðir skal framkvæmd í dagvinnu á verkstæði sem aðalumboð ákveður. Aðalumboð gerir upp kostnað við verkstæði beint, enda hafi fullar upplýsingar verkstæðis og vélareiganda um bilunina verið sendar skriflega aðalumboði.

*Flutnings- og ferðakostnaður* innanlands vegna vélar, vélarhluta eða viðgerðarmanna er undanþeginn greiðsluskyldu.

Ábyrgð á hjólbörðum, slöngum, vökvaprystislöngum og rafgeymum takmarkast við mat framleiðanda eða umboðsmanns hans hér á landi.

Önnur ábyrgð er ekki veitt né bætur greiddar vegna vinnutaps eða annarra afleiðinga af vélarbilun.

Ábyrgð þessi nær hvorki til bilana er verða vegna eðlilegs slits, misnotkunar, vanhvirðingar eða vanrækslu gagnvart bilun á byrjunarstigi né rofinna verksmiðjuinnsigla.

Bætur vegna bilana eru háðar því skilyrði, að bilun hafi verið tilkynnt aðalumboðsmanni tafarlaust er hennar varð fyrst vart, og að farið hafi verið í öllu eftir fyrirmælum hans um athugun og viðgerð.

Aðalumboðsmaður f.h. framleiðanda áskilur sér rétt til tækni-legra breytinga og endurbóta á einstökum vélum án skuldbindinga um hliðstæðar aðgerðir á öðrum vélum.

Ábyrgð þessi gildir gagnvart fyrsta kaupanda. Við endursölu fellur ábyrgðin niður, nema gefið sé út nýtt ábyrgðarskírteini á nafn hins nýja eiganda.“

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram að skýra beri 29. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti þannig að óheimilt hafi verið að setja í ábyrgðaryfirlýsinguna ákvæði um að áfrýjandi ætti að greiða hinn umdeilda flutningskostnað. Sé ákvæðið ekki skuldbindandi fyrir hann. Þá telur áfrýjandi að almennar reglur um bætur innan samninga leiði til þess að hið stefnda hlutafélag eigi að greiða þennan kostnað.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að 29. gr. laga nr. 56/1978 hafi ekki áhrif á gildi kaupsamnings aðila. Fyrir liggja ábyrgðaryfirlýsing sem sé gild að íslenskum rétti og víki til hliðar ákvæðum laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, sbr. 1. gr. laganna. Sé stefnda óskýlt að greiða kröfu áfrýjanda eftir ótvíræðum orðum yfirlýsingarinnar.

Fallast ber á það með áfrýjanda að stefnda beri að greiða hinn umdeilda kostnað ef beitt er bótaákvæðum laga nr. 39/1922 en ekki ábyrgðaryfirlýsingunni.

Í héraðsdómi kemur fram vafi um það hvernig skýra beri 29. gr. laga nr. 56/1978. Almennar reglur um skýringu undantekningarákvæða og ýmis lögskýringargögn eru í dóminum talin benda til þess að rétt sé að beita þröngri skýringu.

Þess er að gæta að orðalag þessa ákvæðis gefur ekki tilefni til verulegs vafa í máli því, sem hér er til úrlausnar. Orðalagið felur í sér að meta verður hvort ábyrgðaryfirlýsing stefnda sé með þeim hætti að réttur áfrýjanda yrði betri, ef beitt væri almennum reglum, en hann er samkvæmt yfirlýsingunni. Er ekki ástæða til að víkja frá orðum lagaákvæðisins á grundvelli áðurgreindra lögskýringarsjónarmiða og gagna.

Þegar ábyrgðarskilmálarnir eru virtir í heild er ljóst að þeir veita kaupanda ekki betri rétt en hann á gagnvart seljanda samkvæmt reglum laga nr. 39/1922. Ákvæði 29. gr. laga nr. 56/1978 er í samræmi við almenn viðhorf um lagavernd kaupanda og neytenda-vernd, svo og það viðhorf sem markar samningsrétt hér á landi eftir breytingu þá á lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sem gerð var með 6. gr. laga nr. 11/1986. Samkvæmt þessu ber að líta svo á að hið umdeilda ákvæði í ábyrgðaryfirlýsingunni, sem stefnda gaf út í janúar 1984, sé ógilt gagnvart áfrýjanda.

Byggja verður á þeirri skýrslu áfrýjanda, sem ekki hefur verið

hnekk, að menn sem störfuðu á vegum hins stefnda félags hafi ákveðið að við dráttarvélina yrði gert í Reykjavík. Ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þá fjárhæð sem hann krefst í aðalkröfu sinni ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Stefnda, Íslensk-tékkneska verslunarfélagið hf., greiði áfrýjanda, Herði Harðarsyni, 25.872,00 krónur auk ársvaxta af þessari fjárhæð sem hér segir: 24% frá 1. janúar 1985 til 1. maí s.á., síðan 22% til 1. júní s.á., síðan 42% til 1. september s.á., síðan 45% til 1. mars 1986, síðan 33% til 1. apríl s.á., síðan 27% til 7. október s.á., síðan dómvexti til 14. apríl 1987 og síðan hæstu innlánsvexti lánastofnana á hverjum tíma til greiðsludags. Þá greiði stefnda áfrýjanda 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1987.

##### I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Herði Harðarsyni, nnr. 4470-1677, Laxárdal, Gnúperjahreppi, Árnassýslu, gegn Íslensk-tékkneska verslunarfélaginu hf., nnr. 4832-3308, Lágmúla 5, Reykjavík, með stefnu þingfestri 7. október 1986.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 25.872,00 en til vara kr. 12.936,00 auk 24% ársvaxta frá 1. janúar 1985 til 1. maí 1985, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags máls þessa, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá gerir stefnandi kröfu til málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að í ársbyrjun 1984 hafi hann keypt Zetor dráttarvél af stefnda. Þegar heyskapur stóð sem hæst um mitt sumar hafi dráttarvélin bilað. Haft hafi verið samband við umboðið, stefnda í máli þessu, þar sem vélin var í ábyrgð. Starfsmaður stefnda hafi talið að viðamikla viðgerð þyrfti að gera og því nauðsynlegt að komið yrði með vélinu til Reykjavíkur. Við skoðun hafi komið í ljós að brotnað hafði upp úr tannhjóli. Nauðsynlegir varahlutir hafi þá ekki verið til hjá umboðinu og hafi verið gert við vélinu til bráðabirgða, en forráðamenn stefnda hafi tekið fram að þessi viðgerð væri alfarið á þeirra ábyrgð. Stefnandi hafi krafist þess hins vegar að fá aðra og ógallaða vél. Stefndi hafi synjað þeirri ósk og framkvæmt viðgerðina. Þegar varahlutirnir voru komnir til stefnda hafi dráttarvélin verið send aftur til umboðsins þar sem endanleg viðgerð hafi verið framkvæmd. Stefnandi búi í rúmlega 200 km fjarlægð frá Reykjavík og því töluverður kostnaður því samfara að flytja vélinu til Reykjavíkur. Stefndi hafi neitað að greiða flutningskostnað vegna viðgerðar en framkvæmt viðgerð stefnanda að kostnaðarlausu.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að hann hafi fest kaup á dráttarvél hjá stefnda í janúar 1984. Hafi honum þá verið afhentir ábyrgðarskilmálar fyrirtækisins, en þar sé tekið fram að stefndi ábyrgist verksmiðju- og/eða efnisgalla á tækinu í allt að 12 mánuði frá afhendingardegi. Fram hafi komið alvarlegur galli í tækinu nokkrum mánuðum síðar, sem stefndi hafi viðurkennt að hann beri fulla ábyrgð á en hafi neitað greiðslu flutningskostnaðar vegna flutnings tækisins á viðgerðarstað og til baka og borið fyrir sig ákvæði í ábyrgðarskilmálum þar um. Stefnandi telur að samkvæmt almennum bótareglum, svo og ákvæðum 43. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, beri stefnda að bæta sér allt tjón vegna framkominna galla, þ.m.t. flutningskostnað. Einnig byggir stefnandi í þessu sambandi á ákvæðum 29. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, en í því lagaákvæði sé beinlínis tekið fram að óheimilt sé að gefa út ábyrgðarskilmála sem gefa ekki kaupanda betri rétt en hann ætti samkvæmt gildandi lögum. Af framangreindum ástæðum telur stefnandi að ákvæði í ábyrgðarskilmálum þess efnis að flutnings- og ferðakostnaður greiðist ekki, sé ógilt.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því að vélin hafi tvívegis þurft að koma til viðgerðar vegna þess að nauðsynlegir varahlutir hafi ekki verið fyrir hendi í fyrra skiptið. Telur stefnandi það alfarið vera á ábyrgð stefnda að þessi aukakostnaður lagðist á.

Af hálfu stefnda er tekið fram að brotnað hafi tannhjól í dráttarvél stefnanda um mitt sumar 1984 og hafi hún þá verið send til stefnda sem gert hafi við vélinu stefnanda að kostnaðarlausu. Ekki sé vitað annað en

viðgerðin hafi verið fullnægjandi, en til þess að gera viðskiptavininn ánægðari hafi verið pantaðir nýir varahlutir og ný tannhjól látin í vélna í októbermánuði um haustið. Ekki sé vitað annað en vélin hafi verið í fullri notkun og sýnt full afköst eftir að viðgerðin fór fram í ágústmánuði 1984. Varðandi málsástæður stefnanda skv. 29. gr. laga 56/1978 byggir stefndi á því að það sé enginn vafi að með ábyrgðaryfirlýsingunni sé kaupanda veittur betri réttur en lög gera ráð fyrir og vitnar þar aðallega til 52. gr., sbr. 54. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni sé kaupanda skilyrðislaust veittur réttur til bóta á árstímabili, hvort sem hann hefur tilkynnt um bilun án ástæðulauss dráttar eða ekki. Á hinn bóginn sé ákvæði 54. gr. kaupalaganna hámarksákvæði um ábyrgðartíma, tengt ströngum reglum um tilkynningarskyldu o.s.frv. Það megi því vera ljóst að ábyrgðaryfirlýsingin haldi fullu gildi, enda óeðlilegt að hægt væri að byggja á sumum ákvæðum hennar en hafna öðrum.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, sem fram koma í 1. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, að ákvæðum þeirra laga skuli þá aðeins beita er ekkert annað sé um samið berum orðum. Í ábyrgðarskírteininu sem stefnandi hafi kvittað fyrir að hafa móttakið og kynnt sér efni skilmálanna sé beinum orðum tekið fram og um það samið að seljandi greiði ekki flutnings- og ferðakostnað innanlands vegna vélar, vélarhluta eða viðgerðarmanna. Þannig hafi orðið um það frjálst samkomulag sem sé fullkomlega heimilt samkvæmt íslenskum lögum og réttarvenjum.

Stefndi telur augljóst samkvæmt kaupalögum og öðrum reglum um skaðabætur að flutningskostnaður stórra tækja á milli landshorna á kostnað seljanda vegna smávægilegra galla, sem fram kynnu að koma í seldri vöru, nái út fyrir allar skaðabótareglur. Þar við bætist reglur þær sem settar séu í kaupalögunum. Þær séu miðaðar við galla sem komi fram eftir langtímanotkun. Það sé því hvort tveggja að seljandi hafi undanskilið sig ábyrgð á þessum göllum, sem hér um ræði, og það sé fullkomlega viðurkennt með undirskrift kaupanda, auk þess sem almennar skaðabótareglur nái ekki yfir flutningskostnað í þeim tilfellum sem hér sé um deilt. Stefnandi hafi sjálfur falið verkstæði stefnda að framkvæma viðgerð og síðar að skipta um tannhjól. Hvort tveggja hafi verið auðvelt að fá gert á verkstæðum sem liggja mun nær heimili stefnanda og þannig sparist verulegur kostnaðarauki við langflutninga. Jafnvel þótt talið yrði að stefndi ætti að greiða flutningskostnað (sem umsamið var að hann gerði ekki) þá sé auðsætt að hann hefði heldur kosið að greiða flutningskostnað á næsta verkstæði, t.d. Túnsbergi, Iðu eða Selfossi, sem að sjálfsögðu sé aðeins brot af flutningskostnaði til Reykjavíkur. Þannig bæri skýlaust að lækka dómkröfurnar.

Stefnandi Hörður Harðarson hefur gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu, en aðrir ekki.

Svo sem fram er komið var dráttarvél stefnanda tvívegis send til viðgerðar hjá stefnda árið 1984 vegna bilunar sem stefndi bar ábyrgð á samkvæmt ábyrgðarskírteini því sem um kaup aðila gildi. Viðgerð var framkvæmd stefnanda að kostnaðarlausu, en í máli þessu er um það deilt hvort stefnandi eigi rétt á því að fá endurgreiddan úr hendi stefnda útlagðan kostnað við flutning dráttarvélarinnar á viðgerðarstað.

Í greindu ábyrgðarskírteini, sem stefnandi tók við og staðfesti með undirskrift sinni, er svofellt ákvæði: „Flutnings- og ferðakostnaður innanlands vegna vélar, varahluta eða viðgerðarmanna er undanþegin greiðsluskyldu.“ Af hálfu stefnanda er á því byggt að tilvitnað ákvæði ábyrgðarskilmála sé ógilt þar sem ákvæðið brjóti í bága við 29. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem hljóðar svo: „Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda betri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.“

Lagagrein þessi er í V. kafla laganna sem fjallar um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd. Í athugasemdum þeim sem fylgdu lagafrumvarpi þessu er það var lagt fram á Alþingi er m.a. tekið fram varðandi greint ákvæði 29. gr. að þessari grein sé ætlað það hlutverk að tryggja í lögum lágmarksrétt sem svarar til hinna frávikjanlegu reglna kaupalaganna. Af athugasemdum þessum verður ráðið að hér sé einkum átt við ákvæði 54. gr. laga 39/1922 um ábyrgðartíma vara. Í framsögu flutningsmanns lagafrumvarpsins á Alþingi, þáverandi viðskiptaráðherra, segir svo orðrétt um lagaboð þetta: „Reglur 29. gr. um ábyrgðaryfirlýsingar leiða í reynd til þess, að óheimilt verður að semja um skemmri ábyrgðartíma en þann sem kveðið er á um í hinum frávikjanlegu reglum kaupalaganna. Hér er um að ræða að kaupandi verður innan eins árs eftir að hann fékk söluhlut í hendur að bera fyrir sig galla á honum. Í viðskiptalífinu hefur talsvert eða jafnvel mikið borið á því að seljendur semji sig undan þessum ábyrgðartíma og ákveði hann miklu skemmri, bæði með sjálfstæðum ábyrgðaryfirlýsingum og yfirlýsingum sem eru þáttur í stöðluðum samningskilmálum sem kaupendur eru látnir samþykkja.“

Lögskýringargögn þessi benda eindregið til þess að ætlan löggjafans hafi verið sú að gildissvið ákvæðis 29. gr. laga 56/1978 yrði mun takmarkaðra en greinin sjálf gefur til kynna samkvæmt orðanna hljóðan. Þegar þetta er virt, en einnig það að lagaákvæði þetta ber einnig að skýra þröngt sem einstaka undantekningu frá meginreglunni um samningsfrelsi aðila, þá þykir ekki unnt að fallast á þá málsástæðu stefnanda að lagaboð þetta ógildi fyrrnefnt ákvæði ábyrgðarskírteinis sem undanþiggur stefnda greiðsluskyldu vegna flutnings- og ferðakostnaðar, sem og stefnandi hafði undirgengist. Ber því að hafna aðalkröfu stefnanda um endurgreiðslu flutningskostnaðar.

Að því er varðar varakröfu stefnanda um greiðslu helmings flutningskostnaðar, þá verður sú krafa heldur ekki tekin til greina þar sem stefnandi gerði engar athugasemdir við það að viðgerð færi tvívegis fram í Reykjavík, þótt honum mætti vera ljóst að hann yrði sjálfur að bera flutningskostnað samkvæmt skilmálum ábyrgðarskírteinis.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslensk-tékkneska verslunarfélagið hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Harðar Harðarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 7. mars 1989.  
 Nr. 320/1987. **Óskar Mikaelsson**  
 (Hilmar Ingimundarson hrl.)  
 gegn  
**Vélsmiðju Hafnarfjarðar hf.**  
 (Guðmundur Pétursson hrl.)  
 og gagnsök

Uppboð. Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjunarstefna í máli þessu var tekin út 13. nóvember 1987 til þingfestingar í Hæstarétti 1. febrúar 1988. Ljósrit hennar var lagt fram á uppboðsþingi 16. nóvember 1987 þar sem lögmaður gagnáfrýjanda var mættur. Frumrit stefnunnar er sagt glatað en lögmaður gagnáfrýjanda áritaði staðfest ljósrit hennar um birtingu 29. janúar 1988. Gagnáfrýjunarstefna var tekin út 14. desember 1987